

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Reykhólahreppi, A.-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Fasteignaskatt í Reykhólahreppi skal innheimta með 100% álagi.

2. gr.

Gjaldldagi fasteignaskattsins er 15. júlí. Þeir gjaldendur fasteignaskatts, sem jafnframt eru útsvarsgjaldendur, mega þó greiða síðari helming skattsins 15. október hvert gjaldár.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um fasteignaskatt í Reykhólahreppi, staðfest af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu á árinu 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. júní.

Nr. 45.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir heiðursverðlaunasjóð Daða Hjörvar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 27. júní 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir heiðursverðlaunasjóð Daða Hjörvar.

1. gr.

Helgi Hjörvar og Rósa Hjörvar, kona hans, stofna sjóð til að veita þeim mönnum heiðursgrip til minja, sem fegurst tala íslenska tungu í útvarp.

2. gr.

Sjóðurinn heitir: Heiðursverðlaunasjóður Daða Hjörvar. Stofndagur sjóðsins er 5. nóvember 1958.

3. gr.

Heiðursgripurinn er í þrennu formi:

1. Peningur úr gulli, 5,5 sm í þvermál, myndslégin á báðum hliðum (eftir því sem nánar verður ákveðið) og þessi áletrun: FYRIR FRÁBÆRAN FLUTNING ÍSLENZKRAR TUNGU Í ÚTVARP.

2. Peningur úr silfri, 10 sm í þvermál, myndisleginn á efri hlið (höfuðmynd af ungum manni við hljóðnema) og þessi áletrun: FYRIR FAGRAN FLUTNING ÍSLENZKRAR TUNGU Í ÚTVARP.
3. Peningur úr bronsi, sleginn í sama móti og silfurpeningurinn. Bronspening skal ekki veita nema ungum mönnum, 25 ára og yngri. En hvergi minni kröfur skal gera um verðleika til bronspenings en silfurverðlauna, enda verði silfurpeningur ekki veittur yngra manni en 26 ára.

Nafn þess sem heiðursverðlaun hlýtur skal grafa á þar til gerðan flöt á peningi hverjum.

4. gr.

Heiðursviðurkenning þessi skal veitt fyrir fegurstan flutning málsins einöngu. Þó að sjónvarpað verði eða önnur ný tækni komi til, skal meta túlkun raddarinnar einnar. Meta skal mest einlæga tjáning, en miður rík tilbrigði eða leikbrögð í formi. Frumkvöð er það, að efni og mál sé samboðið verðlaunaverðum flutningi. Fagurt mál, frumsamið, ber að meta góðum flutningi til aukins gildis.

Fullnaðardóm skal fella eftir hljóðbandi eða annarri sams konar upptöku raddar, án sjónvarps.

5. gr.

Heiðursverðlaun má veita fyrir flutning máls og tungutak í þeim greinum dagskrár sem hér eru taldar:

a) þularstörf, — b) atburðalýsingar, af munni fram, — c) fréttabættir, — d) viðtöl, og ber þá einnig að meta það, hversu spyrjandi laðar fram frjálst og lifandi tungutak allrar alþýðu, — e) erindi, en þar til má telja hvers konar ræðuflutning, stjórnáráð, prédikun, rökræður, gamanþætti (án söngs og eftirhermu), — f) sagnalestur, — g) ljóðalestur, — h) almennur upplestur á óbundnu máli, — í) útvarpsleikur, — svo og aðrir þættir talaðs máls, eftir því sem dómnefnd kann að ákveða.

6. gr.

Dómnefnd veitir heiðursverðlaunin. Hún skal skipuð fimm mönnum, þannig:

1. Útvarpsráð, eða sú stofnun sem hefur menningarstjórn á dagskrá útvarpsins, velur formann dómnefndar.
 2. Heimspekideild Háskóla Íslands tilnefni einn mann í dómnefnd.
 3. Fastir leikarar Þjóðleikhússins tilnefna einn mann.
 4. Íslenzkir rithöfundar, allir þeir sem félagar eru í almennum samtökum þeirra, tilnefna einn mann.
 5. Stofnendur sjóðsins, og síðan niðjar þeirra, tilnefna einn mann.
- Ekki má velja þann mann í dómnefnd, sem hefur að einhverju leyti umráð eða framkvæmd á dagskrá útvarpsins.

Falli niður val á manni í dómnefndina, tilnefni dómnefndin sjálf mann í staðinn.

7. gr.

Dómnefnd kýs sér ritara. Hún skráir greinilega tillögur um heiðursverðlaun, úrskurði sína og annað það sem starf hennar varðar. Dómnefnd setur sér skráðar reglur eftir að fara í starfi sínu og leitar samþykkis menntamálaráðuneytisins um þær reglur og breytingar á þeim.

Dómnefnd getur, ef henta þykir, sett reglur um skipulag á tilnefning dómnefndarmanna eftir 3.—5. lið 6. greinar.

8. gr.

Setja skal sérstakar reglur, óháðar öðrum starfsreglum, til leiðbeiningar um mat dómnefndar á meðferð máls og atkvæða í einstökum atriðum, hvað fegurst megi telja, eða réttast, og hvað miður æskilegt. Þessar reglur skulu háðar mati dómnefndar hverju sinni, en bornar undir álit heimspekideildar háskólans, svo oft sem hæfa þykir.

Slíkar reglur mega í engu raska ákvæðum 4. greinar, né þröngva sjálfsögðu frelsi tungunnar.

9. gr.

Dómnefnd tekur í móti rökstuddum tillögum um veiting heiðursverðlauna; þó ekki tillögum sem augljóst má vera að safnað hafi verið undirskriftum að.

10. gr.

Afl atkvæða ræður úrskurði dómnefndar. En hver einn dómnefndarmanna hefur synjunaratkvæði, eftir bókaðri kröfu sinni, um veiting einstakra heiðursverðlauna, en þó enginn nema eitt sinn gegn sama manni. Ekki má heldur beita slíkri synjun að nýju, þó að skipt verði um dómnefndarmann af þeim aðila sem tilnefnir.

11. gr.

Heiðursverðlaun skal að jafnaði veita þannig:

1. Gullpening, einn, hið þriðja hvert ár. Engin önnur verðlaun skal veita það ár sem gullpeningur er veittur.

Nú ef dómnefnd telur ekki rétt að veita gullverðlaun eitthvert ár, skal hún veita silfurverðlaun með venjulegum hætti. Ber þá ekki að veita gullpening fyrr en hið þriðja ár þar frá, að rétttri tiltölu.

2. Silfurpening, einn, hver tvö ár (sbr. 1. lið). Dómnefnd er heimilt að veita tvo silfurpeninga hið sama sinn, ef henni þykir sérstök ástæða til. Svo getur dómnefnd og hin fyrstu tvö skipti veitt fleiri heiðursverðlaun úr silfri en hér segir.
3. Bronspening, einn eða tvo, samtímis silfurpeningi. Dómnefnd er heimilt að láta hjá líða veiting bronspenings.

Heiðursverðlaun skal veita hinn 5. nóvember hvert ár, nema atvik hindri.

12. gr.

Dómnefnd getur, með einu samþykki og af sérstöku tilefni, veitt ein heiðursverðlaun úr gulli hvenær sem er, óháð reglubundnum verðlaunum.

13. gr.

Framkvæmdastjórn sjóðsins hafa að jafnaði á hendi tveir menn:

1. Aðalskrifstofustjóri útvarpsins; hann hefur umsjón með sjóðnum, geymir fé hans og eigur og gerir ársreikning, sem endurskoða skal jafnhliða reikningum útvarpsins.
2. Maður sem stofnendur sjóðsins tilnefna, en síðan niðjar þeirra. Greini þessa menn á, skal aðalendurskoðandi ríkisins kvaddur til úrskurðar. Svo skal hann og til kvaddur á sama hátt um allar ákvarðanir sem varða hag sjóðsins að verulegu leyti, enda sé ársreikningur sjóðsins jafnan lagður fyrir hann sérstaklega til athugunar.

Sá stjórnarmaður, sem tilnefndur er af stofnendum eða niðjum þeirra, greiðir

ekki atkvæði um neitt það atriði sem snerta kann hagsmuni ættarinnar gagnvart sjóðinum.

Stjórnarmenn skrá ákvarðanir sínar í gerðabók.

14. gr.

Tekjur sjóðsins og fjárhag skal tryggja þannig:

Stofnendur leggja fram í upphafi:

- a) 6 — sex — heiðurspeninga úr gulli, fullgerða.
- b) 25 — tuttugu og fimm — heiðurspeninga úr silfri, fullgerða.
- c) 20 — tuttugu — heiðurspeninga úr bronsi, fullgerða.
- d) Skuldabréf, kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — með fullnægjandi veði í húseigninni Suðurgötu 6 í Reykjavík. Skuldabréfið er afborgunarlaust í 8 ár, frá 1. janúar 1962, en ársvextir 4%. Eftir það skulu ársvextir vera jafnir almennum innlánsvöxtum Landsbankans af því fé, sem segja má upp með árs fyrirvara; þó ekki lægri en 4%. En eftir 1. janúar 1970 getur framkvæmdastjórn sjóðsins (sbr. 13. gr.) krafizt greiðslu á veðskuldabréfinu með þriggja missira fyrirvara, eða samið um greiðslu þess, svo og vexti, eftir því sem henni þykir henta.

15. gr.

Deild úr sjóðnum er „Dánarsjóður Daða Hjörvar“ og tekur við minningargjöfum um látna menn. Sú deild er í umsjá stofnenda, en síðan niðja þeirra. Reikningur þeirrar deildar skal fylgja ársreikningi heiðursverðlaunasjóðs, og sé fénu skilað í hann við árslok hver.

16. gr.

Heiðursverðlaunasjóðurinn tekur í móti gjöfum.

17. gr.

Sjóðurinn má taka til starfa þegar dómnefnd hefur verið skipuð og fyrir liggur yfirlýsing framkvæmdastjórnar um það, að fullnægt sé ákvæðum 14. greinar. Heimilt er stofnendum að veita hin fyrstu verðlaun úr sjóðnum, þó að dómnefnd sé ekki skipuð.

18. gr.

Þeir aðilar, sem hér eru taldir, skulu hver um sig bærir að óska breytinga á þessari skipulagsskrá og fá þeim framgengt:

1. Stofnendur, báðir eða annar, en síðan niðjar þeirra.
2. Framkvæmdastjórn sjóðsins og dómnefnd sameiginlega.
3. Sá maður eða stofnun, sem eftirlit hefur með opinberum sjóðum að lögum.

Þær breytingar einar má gera, sem brýn nauðsyn krefur, og svo þær, sem efalaust horfa til bóta eftir stefnumarki sjóðsins. Aldrei má breyta 4. grein og ekki skerða meginatriði 8. greinar.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin eldri skipulagsskrá nr. 121 frá 15. september 1959.